

Nd.

541. Frumvarp til laga

[295. mál]

um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

Opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60 1980 og lög nr. 13/1985, og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, skulu rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sjá þó 5. gr.

2. gr.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdóm- arar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómismálaráðherra.

Dómismálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum, sem þeim eru falin.

4. gr.

Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir, og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sem getur haldið dómþing hvar sem er á landinu. Utan Reykjavíkur er lögreglustjóra þó heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamál- um eða almenns sakadómara.

5. gr.

Þegar höfða skal mál til refsingar þar sem um er að ræða brot á ákvæðum þeim sem talin eru í 1. gr. og jafnframt öðrum lagaákvæðum ákveður ríkissaksóknari hvort málið skuli höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum eða almennum sakadómi.

6. gr.

Dómismálaráðherra úrskurðar að öðru leyti en lög þessi ákveða hver störf skuli lögð undir embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómismálaráðherra ræður sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsmenn.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt eru felld úr gildi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973, og lög nr. 66/1974, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta fjallar að stofni til um sama efni og nógildandi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973. Sú meginbreyting er lögð til með frumvarpi þessu að færa frumrannsókn frá dómstólnum til lögreglu, svo sem gert var í öðrum málaflokkum með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins skv. lögum nr. 108/1976 og breytingu á lögnum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 107/1976.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum var stofnaður með lögum nr. 52/1973. Tilgangurinn með stofnun sérdómstóls til að fara með mál varðandi fíkniefnabrot var samkvæmt því sem segir í athugasemdum við lagafrumvarpið sem flutt var 1972, fyrst og fremst að efla löggæslu á sviði ávana- og fíkniefnamála og koma á því skipulagi að rannsókn þessara mála sé undir stjórn eins rannsóknardómara, sem fylgist þá með öllu starfi löggæslu og tollgæslu á þessu sviði.

Talið var hagræði að því að hafa meðferð máls sem nær til aðila í mörgum lögsagnarumdæmum undir yfirstjórn eins rannsóknardómara.

Er lög þessi voru sett ríkti alfarið rannsóknarréttarfar hér á landi og það var hlutverk dómara að stýra rannsókn brotamála. Með lagabreytingunni 1976 voru gerðar gagngerar breytingar á réttarhari í landinu. Var þá í meginatriðum skilið á milli lögregluvalds og dómvalds.

Lögin um sérstakan dómara í ávana- og fíkniefnamálum byggja hins vegar enn á rannsóknarréttarharinu þótt það sé nú í grundvallaratriðum lagt niður að öðru leyti.

Samkvæmt nógildandi lögum tekur sakadómurinn við málunum á rannsóknarstigi og gengur frá þeim til ríkissaksóknara ef þeim verður ekki lokið með dómssátt fyrir sakadómnum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum breytist meðferð þessara mála þannig að lögreglustjórar senda málin að frumrannsókn lokinni ríkissaksóknara til ákæru eða til sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum ef ljúka má málinu sem sátt.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að fá sakadómnum í ávana- og fíkniefnamálum sama hlutverk í þeim málum og sakadómur Reykjavíkur hefur í almennum sakamálum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er gert ráð fyrir því að breytt verði reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 253/1977 þannig að rannsóknardeild lögreglustjóra í umdæmum þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögreglurannsóknir brotamála skuli fengin rannsókn brota á lögum um ávana- og fíkniefni og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þetta ákvæði kæmi sem viðbót við 2. gr. reglugerðarinnar.

Er þetta fyrirkomulag á lögreglurannsókn í samræmi við tillögur starfshóps um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna sem skipaður var samkvæmt þingsályktun frá 20. desember 1983 og skilaði tillögum 5. mars 1984. Einnig telja norskir sérfræðingar sem unnið hafa tillögur um skipulag lögreglumála á höfuðborgarsvæðinu að rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum eigi áfram að vera í höndum rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík.

Þá yrði rannsóknardeildinni við lögreglustjóraembættið í Reykjavík væntanlega falið að veita öðrum lögregluembættum aðstoð við rannsókn fíkniefnamála svo og að halda upplýsingaskrár á þessu sviði. Er það einnig í samræmi við þær tillögur sem starfshópur um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna gerði í skýrslu sinni frá 5. mars 1984.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efnislega er þessi grein samhljóða 1. gr. nógildandi laga að öðru leyti en því að felld er niður að brotin skulu rannsökuð fyrir dóminum, einungis er sagt að opinber mál vegna brota á lögum varðandi ávana- og fíkniefni skuli rekin og dæmd fyrir þessum sakadómi.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. gr. í nógildandi lögum.

Um 3. gr.

Þessi grein er einnig samhljóða 3. gr. nógildandi laga.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um hvernig skuli standa að því af hálfu lögreglu þegar leita þarf atbeina dómara á frumrannsóknarstigi fíkniefnamáls. Lagt er til að þegar um er að ræða mál sem rannsökuð eru af lögreglunni í Reykjavík sé eingöngu leitað til sérdómstólsins með málið. Lagt er til að sakadóminum verði veitt landslögsaga til uppkvaðningar úrskurða við rannsókn á sama hátt og hann hefur slíka lögsögu við meðferð máls á dómstigi. Utan Reykjavíkur eigi lögregla þó val um það hvort hún leitar til sérdómstólsins eða til viðkomandi sakadóms í héraðinu og sömuleiðis þegar mál varðar bæði fíkniefnabrot og önnur lagabrot.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að ríkissaksóknari hafi úrskurðarvald um fyrir hvaða dómstóli mál skuli rekið sem varðar bæði brot á ávana- og fíkniefnalögum og önnur lagabrot.

Um 6. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. nógildandi laga. Ákveður ráðherra samkvæmt þessari grein hver umboðsstörf sakadómaranum verða falin.

Um 7. gr.

Rétt þykir að hafa tiltekinn gildistökuþag á lögum þessum.

Tekið skal fram að þessi breyting sem hér er lögð til á starfsemi sakadómsins í ávana- og fíkniefnamálum hefur ekki áhrif á ráðningu starfsmanna dómstólsins.